

## Íslenskur sjávarútvegur 2011 – Framboð, vinnsla og sala Hvernig getur innflutningur aukið framboð hráefnis?

### Inngangur

Fundarstjóri, ágætu gestir Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Það er mér mikil ánægja að fá aftur aftur tækifæri til að tala á þessari ráðstefnu og fjalla um íslenskan sjávarútveg. Ég mun fara yfir framboð hráefnis, skoða vinnslu og ráðstöfun afla, fjalla um sölu afurðanna og helstu markaði og að lokum skoða innflutning á hráefni og velta fyrir mér tækifærum sem felast í því að auka hann.

Greiningin er með svipuðu sniði og í fyrra en þó með nokkrum breytingum og viðbótum, til þess að draga upp skýra mynd íslenskum sjávarútvegi. Ég skipti greiningunni í þrennt og nota yfirleitt tölur frá 1990 til 2010 og þar sem hægt er, fyrstu 6-8 mánuði 2011 samanborið við sama tíma 2010. Ég mun fjalla um:

- Heildarframboð: Veiði, eldi og innflutningur
- Vinnsla og ráðstöfun afla
- Sölu: Útflutningur og markaðir

Ég skipti tegundum í 4 flokka og skoða þróun hvers fyrir sig; Bolfiskur, flatfiskur, uppsjávarfiskur og skel- og krabbadýr.

Í síðari hluta mun ég skoða innflutning á hráefni og hvernig tekist hefur verið að auka hráefnismagn sem sjávarútvegurinn hefur til ráðstöfunar. Mér finnst þar vera mörg ónýtt tækifæri og ef þau eru nýtt má auka framboð hráefnis og þar með tekjusköpun í greininni.

### 1. Framboð: Veiði, eldi og innflutningur

Í greiningunni lít ég á allt hráefni sem kemur á land á Íslandi eða veitt er af íslenskum skipum og er það heildarframboð og skiptist í

- Veiðar innan landhelginnar
- Veiðar utan landhelginnar
- Eldi
- Innflutningur

Myndin sýnir skiptingu eftir uppruna hráefnis. Það er fróðlegt að sjá að eingöngu 66% komu úr veiðum íslenskra skipa innan landhelginnar en 26% úr veiðum utan landhelginnar. Hlutur eldis

er enn lítill eða innan við 1%. Innflutningur er hluti af framboði hráefnis sem fer til vinnslu og sölu á Íslandi. Á síðasta ári nam hann 7% af heildarframboði. Nú skoða ég einstaka hluta framboðsins.

Heildarafli íslenskra skipa var í fyrra 1,049 þús. tonn sem er lítilsháttar lækkun frá 2009 en þessi afli er helmingur af því sem var fyrir 10 árum. Afli var mestur á árunum 1990 til 2000 og fór yfir 2,2 milljóna tonna svo samdráttur hefur verið mikill og munar þar mestu um fall í veiði á uppsjávarfiski. Fyrstu 8 mánuði þessa árs hefur afli verið 822.000 tonn en var 753.000 tonn á sama tíma í fyrra og er það aukning um 69.000 tonn.

Veiði íslenskra skipa utan landhelginnar var á síðasta ári 303.000 tonn eða 28% af heildarafla. Síðustu 5 árin hefur þessu hlutur verið í kringum 30% en áratuginn þar á undan fór hlutdeildin ekki yfir 13%, þessi veiði hefur breytt miklu og skiptir íslenskan sjávarútveg því mjög miklu máli. Hér er að langmestu leyti um uppsjávarfisk að ræða.

Horfur á næsta ári í veiði eru óljósar, miðað við úthlutaðan kvóta verður minnkun í bolfiski, að mestu vegna samdráttar í ýsu. Flatfiskur verður svipaður og líklega einnig skel- og krabbadýr, þó erfitt sé að segja til um aflann þar sem ekkert aflamark er fyrir rækju. Heildarafli er því undir uppsjávarfiski komið og þar eru horfur þokkalegar.

Verðmæti alls afla nam 133 mrð.kr. í fyrra sem er aukning frá 2009 um rúma 17 mrð.kr. Þessi þróun hefur haldið áfram á fyrri hluta ársins, verðmæti afla nam tæpum 70 mrð.kr. sem er 2% hækkun frá sama tíma í fyrra og munar þar mest um uppsjávarafla.

Snúum okkur að tegundflokkum og byrja ég á bolfiski. Afli bolfisks nam í fyrra 429.000 tonn og drógst saman um 32.000 tonn frá fyrra ári og hefur ekki verið minni í 20 ár. Árið hefur ekki byrjað vel, afli nam 264.000 tonnum fyrstu 8 mánuði ársins sem er samdráttur um 16.000 tonn frá 2010 og því stefnir aftur í slakt ár, því það er samdráttur í öllum helstu tegundum.

Eftir smá aukningu í veiðum á flatfiski 2009 féll magnið 2010 í 24.000 tonn og heldur það áfram að vera frekar lágt. Árið hefur byrjað svipað og í fyrra og voru veiðar fyrstu 8 mánuði ársins 16.000 tonn sem er minnkun um 2.000 tonn.

Uppsjávarafli hefur skipt flotann hvað mestu máli á liðnum 15 árum en stöðugur samdráttur hefur verið síðustu árin og nam afli í fyrra aðeins 583.000 tonnum, sem er reyndar smá aukning frá 2009. Árið í ár hefur byrjað vel, afli verið 535.000 tonn eða aukning um 100.000 tonn og munar þar mest um aukningu í loðnu og makríl en minna er veitt af síld og kolmunna.

Afli skel- og krabbadýra heldur áfram að vera lítill, var 12.000 tonn í fyrra, og halda rækja og humar honum uppi. Árið hefur hingað til verið svipað og í fyrra.

Fiskeldi er í kringum 5.000 tonn og hefur verið það síðustu árin. Mikilvægasta tegundin er Íslandsbleikja með 2-3.000 tonn á ári, þorskur er rúm 1.000 tonn og lax er með svipað magn, en aðrar tegundir er með mjög lítið magn.

Næst er það innflutningur. Þessar tölur sýna allt hráefni sem landað er fersku eða frosnu og veitt er af erlendum skipum. Í fyrra nam innflutningur alls 81.000 tonnum að verðmæti 8,2 mrd.kr. eða um 10% af verðmæti afla sem fór í vinnslu hér á landi. Á s.l. 15 árum hefur innflutt magn sveiflast frá 46.000 tonnum árið 2009 til 225.000 tonna árið 2003, og sem hlutall af heildarframboði sjávarfangs hefur það verið 4 til 10%, í fyrra var hlutfallið 7%. Myndin sýnir þessa þróun en mikilvægustu tegundir eru uppsjávarfiskar, þ.e. loðna, kolmunnur og síld, og fryst rækja til pillunar, en magn hennar hefur verið 23-47.000 tn frá 1999. Innflutningur á frystum þorski var töluverður 1990-2000 eða um 20.000 tn á ári, en hefur verið hverfandi síðan.

Það liggur því fyrir að heildarframboð sjávarútvegsins úr veiðum, eldi og innflutningi nam í fyrra 1.150 þús. tonnum sem er samdráttur um 30.000 tonn frá árinu áður en um 1m tonn á 10 árum. Dökka súlan á myndin er veiði íslenskra skipa innan landhelgi, græna súlan er fyrir veiðar utan landhelgi og sú rauða er innflutningur á hráefni. Þróunin hefur því miður verið niður á við en þó má reikna með aukningu í ár.

## 2. Vinnsla og ráðstöfun hráefnis

Næst vil ég taka fyrir ráðstöfun afla og hvernig einstökum vinnslugreinum hefur gengið á undanförunum árum.

Hvernig aflanum er ráðstafað segir okkur til um þrennt: Í fyrsta lagi um ferskleika hráefnis, sem dæmi má nefna: hvort síldin er hæf til manneldis eða verður að fara í bræðslu og hvort þorskurinn er nógu ferskur til að vera seldur sem fersk flök eða ekki. Í öðru lagi segir það okkur um afurðaverð eða samkeppnishæfni mismunandi afurða og þeirra markaða sem þær eru seldar á hér eru tvö dæmi um það; Er ufsinn saltaður eða frystur, eða eru framleidd léttsöltuð þorskflök eða saltfiskur. Og í þriðja lagi hvort næg afkastageta sé til að vinna úr aflanum. Sitthvað annað hefur áhrif, s.s. gengismál. Og opinberar reglur um að koma eigi með allan afla að landi hafa líka áhrif en vonandi aðeins til skemmri tíma. Með þetta í huga er fróðlegt að skoða breytingar í vinnslu á liðnum árum.

Afli til vinnslu var 1.063 þús. tonn árið 2010 og er það minnsti afli sem hefur borist til vinnslu frá árinu 1983. Samdrátturinn nam um 60.000 tonnum frá 2009 en mikill munur var á því hvernig

einstakar vinnslugreinar stóðu sig. Hráefni til bræðslu minnkaði um 84.000 tonn, en aðeins um 300.000 tonn fóru í bræðslu í fyrra á meðan að það voru 800.000 tonn árið 2005. Útflutningur á óunnnum bolfiski hefur verið á stöðugri niðurleið frá 2003 fyrir utan aukningu á ýsu árið 2008 það voru því alls aðeins 38.000 tonn send óunnin úr landi í fyrra. Söltun hefur minnkað jafnt og þétt síðustu árin og féll um 12.000 tonn í fyrra og var 73.000 tonn. Mikill vöxtur var í frystingu, bæði á landi og á sjó. Hráefni til landfrystingar jókst um 34.000 tonn í fyrra og til sjófrystingar um 31.000 tonn. Og að lokum; Vinnsla á ferskum flökum virðast breytast lítið og hefur verið í kringum 60.000 tonn.

Á síðasta ári skiptist aflí á einstakar vinnslugreinar þannig að 29% fór í bræðslu, 26% var fryst á landi og 28% fryst á sjó, 7% var saltað, 5% fór í vinnslu á ferskum flökum og 4% fór heill og óunninn úr landi. Þessar tölur eru áhugaverðar en það segir meira að horfa á einstaka tegundaflokka og sjá hvernig þróun hefur verið þar á liðnum 10 árum.

Myndin sýnir hlutfallslega ráðstöfun afla helstu bolfisktegunda, þ.e. þorsks, ýsu, ufsa og karfa eftir helstu vinnslugreinum frá árinu 2000. Á henni sjást nokkrar skýrar línur: Söltun hefur minnkað, farið úr 32% af afla í 15%. Landfrysting hefur löngum verið mjög öflug, minnkaði þó aðeins 2007 og 2008 en jókst aftur töluvert síðustu 2 árin og er með 34% hlutdeild 2010. Sjófrysting hefur aukist jafn og þétt og eru nú um 29% af bolfiski frystur á sjó. Hlutfall sem hefur farið í vinnslu ferskra flaka hefur - vegna samdráttar í afla - tvöfaldast á áratugnum og var í fyrra 13%, en í reynd hefur magn þess sem unnið er í fersk flök staðið í stað sem eru vonbrigði miðað við hversu dýrar þær afurðir eru og vert sérstakrar skoðunar. Útflutningur á óunnnum fiski heldur áfram að dragast saman eftir nokkur ár aukningar vegna mikils ýsuafla og er núna í 7%.

Aflí uppsjávartegunda hefur fallið mikið síðasta áratuginn eins og fram kom áður. Þróun í ráðstöfun aflans er þó mjög skýr. Mun minna magn fer í bræðslu, en frysting, bæði á landi og á sjó, hefur aukist jafnt og þétt og fer nú jafnmikill aflí í bræðslu og í frystingu. Söltun eða önnur vinnsla er mjög lítil.

### 3. Sala

Þá er komið að því að skoða hvert sjávarafurðir voru seldar á síðasta ári, hvaða svæði voru mikilvægust og hvað afurðir skiptu mestu máli.

Verðmæti útfluttra sjávarafurða á síðasta ári var 226 mrð.kr. Samkvæmt Hagstofunni var verðmæti útflutnings 220,5 mrð.kr, en þar vantar eldisafurðir, 2,4 mrð.kr. og lagmeti, 3,2 mrð.kr., sem hljóta að teljast með.

Myndin sýnir verðmæti útflutnings á verðlagi hvers árs 1990-2010, sem er rauða línan, og reiknuð á verðlagi 2010 er bláa línan, og gráa línan eru verðmæti útflutnings í evrum miðað við meðalgengi. Verðmæti útflutnings jókst í fyrra um 12 mrð. kr. að nafnvirði en stóð í stað ef reiknað er á verðlagi 2010. Hins vegar jókst verðmæti mæld í evrum eftir samdrátt 2008 og 2009 og nam tæpum 1,4 mrð.evra, sem er jákvæð þróun en er samt lægra en þau voru mestan hluta síðasta áratugs.

Útflutningur hefur aukist töluvert í ár, fyrstu 8 mánuði ársins voru sjávarafurðir fluttar út að verðmæti 152 mrð.kr. eða mælt í meðalgengi evrunnar, 936m evra, sem er 9% aukning frá sama tíma í fyrra. Ef þessi þróun heldur áfram getur útflutningur náð 240 mrð.kr. eða 1.500m evra í ár. Helstu breytingar á þessu ári sbr. við sama tíma í fyrra er aukning í loðnu, karfa og makríl, en verðmæti útflutts makríls var komið í 11,3 mrð.kr. í lok ágúst sem var 7,2% af verðmæti útflutnings. Á móti kemur m.a. fall í ýsu, síld og kolmunna.

Evrópa er langstærsti markaður fyrir okkur og hefur vaxið nokkuð á liðnum 20 árum. Í Evrópu kaupa lönd innan ESB 66% og lönd utan ESB 9%, en saman eru þau því með rúm 75% af verðmæti útflutnings en þetta hlutfall var um 68% árið 1993. Þessi aukna hlutdeild er á kostnað N-Ameríku og Asíu, en útflutningur til Bandaríkjanna hefur hrunið og Japansmarkaður hefur fallið mikið. Á móti hefur sala til Rússlands, Noregs og Afríku aukist sem og til Kína.

Myndin sýnir stærstu markaði Íslendinga. Bretland er eftir sem áður okkar langmikilvægasti markaður og hefur haldið sinni hlutdeild í kringum 21%. Þar á eftir kemur Spánn með 9%, en erfitt er að segja nákvæmlega til um einstök lönd á meginlandinu, þar sem mikið er flutt út til t.d. Hollands sem síðan er selt til annarra landa, jafnvel utan Evrópu. Að sama skapi er erfitt að segja með hlutdeild S-Ameríku. Myndin sýnir hins vegar áhugaverðar staðreyndir. Rússland er 8. stærsti markaður okkar rétt á eftir Bandaríkjunum, og sala til Nígeríu er meiri en til Þýskalands, sem hefði einhvern tíma þótt frétt næmt. Til Litháen er flutt úr fyrir 8,2 mrð.kr og Póllands fyrir 5,6 mrð.kr., svo nokkur dæmi séu nefnd, en 10 stærstu markaðirnir eru með 73% af verðmæti útflutnings. Helstu breytingar frá 2009 eru minnkun til Bretlands, Noregs og Hollands, en aukning til Spánar, Frakklands, Japan, Rússlands og Bandaríkjanna.

Þorskur er og verður okkar mikilvægasta tegund með þriðjungs alls útflutnings. Þar á eftir kemur síld, ýsa, karfi, ufsi og rækja. Myndin sýnir að öðru leyti þróun frá 2000 en helstu sveiflur eru vegna sveifla í veiði á uppsjávarfiski. 10 tegundir eru með 84% af verðmætinu.

Við flytjum út afurðir til neyslu og því er fróðlegt að sjá hverjar eru mikilvægustu afurðirnar. Það er reyndar ekki einfalt að komast að því þar sem skráningar eru oft ónákvæmar, en hér tilraun til þess. Myndin sýnir 12 mikilvægustu afurðir eða afurðaflokkana en þeir vega rúm 50% af útflutningsverðmæti. Ferskar þorskafurðir eru mikilvægasti afurðaflokkurinn að verðmæti 17,7

mrð.kr og með 7,6% af verðmæti útflutnings. Það kemur ekki á óvart að næstu afurðaflokkarnir eru einnig þorskafurðir, landfryst þorskflök og blautverkaður saltfiskur. Það kemur hins vegar á óvart miðað við litla veiði að pilluð rækja er í 4. sæti með 4,9% hlutdeild. Heilfrystur makrill er í 7. sæti og sjófryst grálúða og fryst loðnuhrogn koma þar á eftir.

#### 4. Tækifæri með auknum innflutningi hráefnis

Það var talað um lokanir hjá vinnslum í sumar eins og oft áður og skort á hráefni. Ef veiðiheimildir verða ekki auknar, sem er staðreynd hvað bolfisk varðar, hljóta fyrirtæki að spyrja sig hvað þau geti gert til að auka framboðið eða til að fylla í eyður þegar landanir á ferskum fiski eru litlar. Ef við lítum nokkra áratugi til baka, þá voru veiðar íslenskra skipa nær eingöngu innan landhelginnar, en nú kemur rúmur fjórðungur af afla utan landhelginnar, en án þess væri staða sjávarútvegsins mun verri en hún er. En það má gera betur og eru stærstu möguleikarnir að mínu mati eru í innflutningi á hráefni.

Hér sjáum við heildarframboð hráefnis til vinnslu og hlut innflutnings af því frá 2000. Innflutningur var frá 46.000 tonn í fyrra til 225.000 tonn árið 2003 eða 4-10% af heildarframboði.

Við sáum í byrjun að uppsjávarfiskur og rækja eru helstu tegundirnar sem fluttar eru inn. Uppsjávarfiski er landað af erlendum skipum til bræðslu eða frystingar, en hægri myndin sýnir hlutdeild innflutnings í heildarframboði uppsjávartegunda frá árinu 2000 en hún hefur verið á milli 6 og 11%. Vinstri myndi sýnir innflutning á rækju, sem kemur frosin og fer til pillunar. Innflutningur hennar hefur numið 46-94% af hráefni til vinnslu og heldur því uppi rækjuvinnslu hér á landi. Við sáum áðan að pilluð og soðin rækja er fjórða stærsta útflutningsafurðin með tæp 5% af verðmæti útflutnings. Án innflutnings hefði aðeins lítill hluti þessa verðmætis orðið til.

En hvar liggja frekari tækifæri? Ég vil skoða tvær af okkar mikilvægustu tegundum, þorsk og ýsu, heildarframboð og möguleika á því að ná í hluta þess til Íslands.

En skoðum fyrst rækjuna. Innflutningur á rækju er vel þekktur svo ekki er miklu við að bæta. Heildarveiði á kaldsjávarrækju var um 300.000 tonn í fyrra en hlutdeild Íslands hefur fallið úr 25% í undir 1%. Helstu veiðipjóðir eru Kanada, Grænland og Noregur. Það er þó fróðlegt að velta fyrir sér hvers vegna mikill árangur hefur verið í innflutningi og vinnslu á rækju. Er það aðgengi að hráefni? Eða að eiginleikar rækju henti svo vel til uppþýðingar og vinnslu? eru það sterkir framleiðendur á vinnsluvélum eða gott aðgengi að mörkuðum fyrir pillaða rækju? Líklegt er að aðrar greinar geti lært af rækjuvinnslu í þessu efni.

Lítum næst á þorsk. Það voru merkilegar fréttir í vor þegar skip Samherja eða Þýsks félags í þeirra eigu, DFFU, sem gera út frá Þýskalandi, lönduðu í margar vikur ferskum þorski úr Barentshafi á Dalvík. Hvers vegna hefur ekki meira verið gert að þessu hingað til og hvernig getur íslenskur sjávarútvegur aukið þetta framboð, því hér er eftir miklu að slægjast?

Heildarveiði á N-Atlantshafþorski verður í ár um 1.039.000 tonn og hefur hlutudeild Íslands fallið úr 25% í undir 20% á nokkrum árum. Mesta magn kemur úr Barentshafi og hefur veiði aukist á 4 árum um 250.000 tonn, úr 450.000 tonnum í 703.000 tonn og mun enn aukast á næsta ári. Helstu veiðilönd á þessu svæði eru Noregur og Rússland. Kökumyndin sýnir í hvaða formi Atlantshafþorskur kom 2009 frá upprunalöndum. Það eru 146.000 tonn af ferskum þorski og 201.000 tonn af frystum, hausuðum og slægðum þorski. Norðmenn landa miklu magni af ferskum þorski á fyrsta ársfjórðungi hvers árs og rússneskar útgerðir frysta meirihluta aflans á sjó, þar af er stór hluti heilfrystur sem fer til vinnslu í Kína, Noregi eða Austur og Suður Evrópu. Það er verk að vinna að ná í eitthvað af þessu fiski til vinnslu hjá okkur. En hvað þarf til þess?

Ýsan er erfiðari fiskur í vinnslu en ég bregð upp nokkrum staðreyndum um veiðar og vinnslu á ýsu í N-Atlantshafi. Heildarframboð ýsu verður í ár 445.000 tonn, sem er það lang mesta sem verið hefur í marga áratugi, og aukning á næsta ári er hugsanleg. Hluttur Íslands er eingöngu 12%, en náði á árum áður um 30%. Þetta breytir markaðsstöðunni. Aftur er Barentshafið mikilvægasta svæðið með um 2/3 hluta með Norðmenn og Rússa sem aðal veiðipjóðir. Myndin sýnir vinnslu á ýsu 2009. Framboð af ferskri ýsu er töluvert, en einnig er mikið heilfryst á sjó, bæði af Rússum en einnig Norðmönnum sem fer til vinnslu í Kína og A-Evrópu.

### Að lokum

Ágætu gestir Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Greining á íslenskum sjávarútvegi gefur okkur eftirfarandi mynd af stöðunni í ár:

Framboð hráefnis

- Áframhaldandi samdráttur í framboði á bolfiski, en aukning í ár á uppsjávarfiski eftir stöðuga minnkun í langan tíma.
- Veiðar utan landhelginnar nema tæpum 30% af veiði íslenskra skipa.
- Innflutningur á hráefni var 7% af framboði hráefnis í fyrra.
- Eldi er stöðugt

Vinnsla og ráðstöfun hráefnis

- Áframhaldandi samdráttur í bræðslu á fiski
- Frysting í landi og á sjó eykst aftur og eru að ná fyrri hlutdeild

- Samdráttur í útflutningi á óunnum fiski
- Vinnsla á ferskum flökum stendur í stað

#### Sala og útflutningur

- Útflutningsverðmæti geta náð 240 mrð.kr. í ár.
- Evrópusambandið er enn langstærsti markaðurinn
- Nýir markaðir, s.s. Nígería og Rússland, vaxa mikið
- Mikilvægustu afurðir sjávarútvegsins eru fersk þorskflök, landfrystar þorskafurðir, blautverkaður saltfiskur og pilluð rækja

#### Innflutningur

- Fyrir utan stækkun stofna er innflutningur helsta leiðin til að auka framboð hráefnis.
- Innflutningur heldur uppi rækjuvinnslu og er mikilvæg viðbót í uppsjávarfiski
- Tækifæri vegna mikils framboðs af þorski og ýsu frá Noregi og Rússlandi
- Hvað þarf að gera til að auka innflutning?

Það er bæði skemmtilegt og nærandi að starfa í sjávarútvegi. Þessi ráðstefna er nauðsynlegur og góður vettvangur til að hittast, hlusta og tala um þau tækifæri sem eru til að auka tekjur í greininni. Verði okkur að góðu.